

* Tollflokkun.

Úrskurður nr.11/2001

Kærð er tollflokkun tollstjóra á “Astro Play “ gervigrasi sem sett var fram í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru”. Kærandi krefst þess að varan verði tollflokkuð á sama hátt og hjá samkeppnisaðilum. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.

Lög nr. 55/1987 101. gr, 142.gr.

Með bréfi dags. 12. nóvember 2001 til ríkistollanefndar framsendir tollsjóri brét frá S. dags. 31.október 2001. en í því er kærð tollflokkun tollstjóra sem sett var fram í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru nr. 0100044. Í hinu kærða álit flokkar tollstjóri gervigras ætlað á yfirborð ípróttavalla í tnr. 5703.3009, en annað efni svo sem sand, gúmmíkurl og plastull tollflokkast e.a. í viðkomandi númer skv. 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár. Kærandi telur að samkeppnisaðilar flytji inn samsvarandi efni og þau séu tollflokkuð á annan hátt.

Í bréfi kæranda segir m.a. að vara sú sem deilt er um tollflokkun á sé af svokallaðri þriðju kynslóð af gervigrasi og sé líkari náttúrugrasi en nokkru sinni fyrr. Það hafi í för með sér minnkandi slyshættu og vinni þar af leiðandi í þágu almennings. Þá segir að samsvarandi efni hafi verið flutt inn til landsins af samkeppnisaðilum án þess að þau hafi verið sett í tollaflokk 5703.3009 en hann beri 15% toll. Tollflokkun tollstjóra geri fyrirtækinu óbært að standast eðlilega samkeppni og sé því mismunað skv. samkeppnislögum. Þá er kæranda með öllu óskiljanlegt hvers vegna vara þessi er tollflokkuð svona, þar sem engin samkeppni sé við innlenda framleiðendur. Varan sé sérstaklega ætluð sem yfirborðsefni á ípróttavöllum og ætti því að flokkast sem slík. Aukin tollun á vöru sem þessari vinni ekki í þágu hins almenna borgara eða ípróttahreyfingarinnar. Kostirnir séu aukin nýting valla, minni viðhaldskostnaður fyrir bæjar- og sveitarfélög, og síðast en ekki síst bættur árangur ípróttamanna okkar sem sé bein afleiðing af nýtingu valla með þessu yfirlagi, en þá sé hægt að nýta allt árið, 24 tíma á dag ef svo ber við. Þá sé vara þessi ekki tolluð á Norðurlöndunum. Af ofangreindum ástæðum vonar kærandi að niðurstaða tollstjóra verði endurskoðuð.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi þann 12. nóvember s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 5. desember segir m.a. að í bæklingi framleiðandans, segi m.a. að varan ASTRO TURF sé gervigras unnið skv. bæklingi framleiðanda þannig að þráðum úr gerviefnum sé stungið niður í undirlag sem í er m.a. gúmmídúkur, ofinn dúkur úr polypropyleni og er styrkt með glertréfadúk. Þræðirnir séu hafðir mislangir og séu skornir á endum þannig að gervigrasið hafi öll einkenni venjulegs grass. Greinilegt sé við skoðun á sýni af vörunni og af myndalistum framleiðanda að varan er unnin á sama hátt og hefðbundið gólfteppi. Ætlað til nota sem yfirbreiðsla á undirlag til að ganga eða hlaupa á. Sams konar efni hafi verið flutt inn og séu notuð bæði innan og utandyra til ýmiss konar ípróttastarfsemi, þar sem hentugra þyki að nota gervigras, m.a. af veðurfræðilegum ástæðum.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að athugasemd 1 við 57. kafla tollskrárinnar hljóði svo. *Sem gólfteppi og aðrar gólfábreiður úr spunaefnum í þessum kafla teljast gólfábreiður þar sem spunaefni mynda það yfirborð vörunnar sem upp snýr þegar hún er notuð og tekur einnig til vöru sem hefur einkenni gólfábreiðu úr spunaefnum en ætluð er til annarra nota.*

Ofangreint gervigras hafi öll einkenni gólfábreiðu, bæði hvað varðar framleiðslu og notkun. Það sé því álit embættisins að tollflokka beri vöruna í 57. kafla tollskrárinnar.

Að lokum segir í greinargerð tollstjóra að við athugun hjá embættinu hafi komið í ljós að svarað hafi verið tveimur fyrirspurnum um tollflokkun sams konar vöru og hér um ræðir og hafi hún verið flokkuð í tnr. 5703.9009 í bæði skiptin. Að lokum segir að embættið sé að kanna tollflokkun og tollmeðferð á gervigrasi.

Kröfugerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með ábyrgðarbréfi þann 5. desember s.l. og honum gefinn frestur til 20. desember 2001 til andsvara. Nefndinni hefur ekki borist umsögn kæranda.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Vara sú sem hér er til umfjöllunar kemur frá fyrirtækinu Astro Turf og gengur undir framleiðslunafninu “Astro Play”. Um er að ræða vöru sem hnýtt er úr polyolefni trefjum og nælonþráðum 6.6. pili að þykkt, svokallað gervigras, ætlað til notkunar sem yfirborðsefni á ípróttavelli. Grasinu er ætlað að vera lagt á sérstakt undirlag samkvæmt ábendingum/tilmælum framleiðanda. Þræðir í gervigrasinu eru úr trefjum og virðast vera annars vegar þræðir sem ætlað er að gefa “rótar” áhrif og hins vegar þræðir sem eru eftirlíking af grasinu sjálfu. Grasþræðir eru úr polyethylene en “rótar” þræðir eru styttri og úr nælon 6.6 trefjum. Undirlag er úr gúmmíefni styrkt með glertréfum, ofnum polypropelene ásamt lagi af latex. Þá kemur fram að gervigrasið dragi í sig eða hleypi í gegnum sig 60 lítrum/m²/mín. af vatni. Efnið er selt í rúllum sem eru u.þ.b. 4,1 metri á breidd og í mismunandi lengdum allt eftir notkun.

Nefndarmenn taka ekki neina afstöðu til fullyrðingar kæranda um að samkeppnisaðilar flytji inn sams konar vöru og fái aðra meðferð við tollafgreiðslu en hann þar sem þær eru ekki studdar neinum rökum.

Með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár svo og rökstuðnings tollstjóra fyrir flokkun þessarar vöru er það samdóma álit nefndarmanna að hin kærða tollflokkun skuli standa óbreytt.